

Samningur

Sveitarfélagið Norðurþing og Ungmennafélagið Leifur heppni (hér eftir nefnt Leifur heppni) gera með sér svohljóðandi samning vegna starfsemi Leifs heppna.

Markmið

Að Leifi heppna verði kleyft að vinna að áframhaldandi góðu og markvissu starfi er vikur að framgangi íþróttanna innan Norðurþings. Samstarf verði á milli Sveitarfélagsins Norðurþings og Leifs heppna er snúa að samnýtingu og samvinnu vegna ýmissa viðburða innan sveitarfélagsins, í Kelduhverfi og nágrenni.

Framkvæmd og fjárhagslegar skuldbindingar

Norðurþing veitir Leifi heppna

- 360.500 krónur árið 2017(3% hækkun frá fyrra ári)
- 371.315 krónur árið 2018
- 382.454 krónur árið 2019

Leifur heppni ber ábyrgð á því að sækja greiðslur til sveitarfélagsins

Fyrri hluti framlags, 200.000 krónur er greiddur í janúar.

Seinni hluti framlags er greiddur þegar ársreikningar og ársskýrsla Leifs heppna liggja fyrir.

Í ársskýrslu skal meðal annars koma fram fjöldi félaga/iðkenda greint niður eftir aldri og kyni.

Norðurþing leggur Leifi heppna til aðstöðu vegna starfsemi félagsins.

Norðurþing styrkir Leif heppna um leigu á íþróttamannvirkjum.


Leifur heppni tekur að sér framkvæmdarstjórn og framkvæmd á þrettándagleði í Skúlagarði / Lundu.

Nánari útfærsla er viðkemur samningi þessum s.s. á þætti vinnuframlags fer fram í gegnum Íþrótt- og tómsfundafulltrúa Norðurþings í samstarfi og samráði við hluteigandi aðila s.s. umsjónarmann eigna, verkstjóra Þjónustumiðstöðvar og fulltrúa Leifs heppna.


Samningur þessi er gerður til 3 ára og skal hann endurskoðaður á hverju ári við gerð fjárhagsáætlunar Sveitarfélagsins Norðurþings. Við endurskoðun samningsins skal farið yfir liðið ár og verkefni næsta árs. Samningur tekur gildi árið 2017.

08.06.2017

F.h. Sveitarfélagsins Norðurþings


Norðurþing

F.h. Leifs heppna


Hagnea Dröfn Hlynisd.